

Gátlisti yfir gögn sem þurfa að fylgja með umsókn til Tékklands

- | | |
|---|--|
| <input type="checkbox"/> Umsóknareyðublað á tékknesku | <input type="checkbox"/> Spurningalisti varðandi heilsu A og B hluti |
| <input type="checkbox"/> Bréf frá umsækjendum | <input type="checkbox"/> Læknisvottorð frá sérfræðilæknum (ef þarf) |
| <input type="checkbox"/> Forsamþykki | <input type="checkbox"/> Atvinnuvottorð |
| <input type="checkbox"/> Fæðingarvottorð | <input type="checkbox"/> Skuldbinding að senda eftirfylgniskýrslur |
| <input type="checkbox"/> Staðfest ljósrit af vegabréfum | <input type="checkbox"/> Tekju- og eignavottorð |
| <input type="checkbox"/> Sakavottorð | <input type="checkbox"/> Spurningalisti frá UMPOD |
| <input type="checkbox"/> Hjónavígsluvottorð | <input type="checkbox"/> Ljósmyndir á usb |
| <input type="checkbox"/> Umsögn félagsráðgjafa | <input type="checkbox"/> Stutt myndband á usb |
| <input type="checkbox"/> Sálfræðimat | <input type="checkbox"/> Staðfesting á undirbúningsnámskeiði |

Umsóknareyðublað á tékknesku: Skrifstofa ÍÆ lætur umsækjendur fá þetta eyðublað. Umsækjendur þurfa að fylla inn nafn, kennitölu og heimilisfang. Síðan kemur listi yfir fylgigögn sem umsækjendur síðan undirrita. Zadatale er fyrir karl og Zadataelka er fyrir konu.

Bréf frá umsækjanda: Þetta er bréf frá ykkur (á íslensku) þar sem þið segið frá ástæðum þess að þið viljið ættleiða og frá ykkur sjálfum og ykkar lífi. Undirrita þarf bréfið.

Forsamþykki: Kemur frá sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu og er frumritið sent beint á skrifstofu ÍÆ.

Fæðingarvottorð: Útgefið af Þjóðskrá.

Staðfest ljósrit af vegabréfi: Fara þarf til sýslumanns og láta hann ljósrita vegabréf umsækjanda. Sýslumaður stimplar síðan ljósritin til staðfestingar.

Sakavottorð: Sækja má um sakavottorð í afgreiðslum allra sýslumanna. Framvísa þarf persónuskilríkjum og fullgildu umboði frá umsækjanda ef sótt er um fyrir annan. Ef umsækjendur hafa búið erlendis í 3 mánuði eða meira eftir 15 ára aldur þarf að fá sakavottorð í því landi. Athugið að ekki er hægt að nota rafræn vottorð, vottorðið verður að vera með undirskrift og stimpli. Frá Bandaríkjunum þarf bæði FBI sakavottorð og sakavottorð frá ríkinu sem umsækjandi bjó í.

Hjónavígsluvottorð: Útgefið af Þjóðskrá. Ekki er hægt að sækja um ef þar er ógift.

Umsögn félagsráðgjafa: Sama umsögn og var gerð fyrir útgáfu forsamþykkis.

Sálfræðimat: Óla Björk Eggertsdóttir, sálfræðingur sími: 896-0863

Læknisvottorð: Frá heimilislækni eða öðrum lækni sem hefur annast umsækjendur. Í vottorðinu þarf að koma fram að þið séuð heilbrigð líkamlega og andlega og að ófrjósemi er ásæða þess að þið viljið ættleiða.

Spurningalisti varðandi heilsu: Skrifstofa ÍÆ lætur umsækjendur fá þetta eyðublað. Umsækjendur þurfa að fá lækni til að fylla út hluta A og fylla sjálfir út hluta B.

Atvinnuvottorð: Vinnuveitandi gerir þetta vottorð.

Skuldbinding: Tékkland gerir þær kröfur að umsækjendur undirriti yfirlýsingu þess efnis að þeir munu fara eftir fyrirmælum ÍÆ varðandi undirbúning og eftirfylgniskýrslur. Skila þarf níu eftirfylgniskýrslum eftir að barnið er komið heim.

Tekju- og eignavottorð: Vottorðið er gefið út af Ríkisskattstjóra. Hægt er að sækja beiðni um vottorð á rsk.is – einstaklingar – eyðublöð – alþjóðasamskipti – RSK 14.10 Beiðni um vottorð (PDF). Þegar búið er að fylla beiðnina út er skjalið skannað inn og sent til rsk@rsk.is. Borga þarf fyrir vottorðið og senda þarf kvittun á sama netfang. Ríkisskattstjóri sendir ykkur síðan vottorðið í pósti.

Spurningalisti frá UMPOD: Fæst á skrifstofu ÍÆ, spurningalistinn er á ensku. Þessi spurningalisti og spurningalisti um heilsufar eru einu skjölin sem mega vera á ensku.

Ljósmyndir: Myndir af ykkur og heimilinu. Lágmark tvær myndir af heimilisfólki, tvær af húsinu að utan, fjórar af heimilinu og heimilisfólkinu í daglegum störfum. Ef barn er á heimilinu þá þarf að senda mynd af barnaherberginu.

Stutt myndband: Stutt kynning á umsækjendum, getur verið gott að sýna aðeins frá heimili í myndbandinu.

Staðfesting á að umsækjendur hafi sótt undirbúningsnámskeið fyrir ættleiðingu: ÍÆ gefur þessa staðfestingu út eftir að umsækjendur hafa lokið námskeiðinu, „Er ættleiðing fyrir mig“.

Þegar umsækjendur hafa safnað öllum skjölum fer skrifstofa ÍÆ yfir þau. ÍÆ gefur sér 5 daga til að fara yfir umsóknina, býr til fylgiblað og staðfestir umsóknina með undirskrift.

Því næst fara umsækjendur með umsóknina og fylgiblaðið og láta notarius publicus stimpla hana hjá sýslumannsembættinu.

Mikilvægt er að báðir aðilar fari með umsóknina til sýslumannsembættisins þar sem verið er að staðfesta undirskrift beggja aðila.

Þegar því líkur er komið með umsókn á skrifstofu ÍÆ sem sér um að láta staðfesta umsóknina hjá utanríkisráðuneytinu.

Þá er umsóknin send til löggilts þýðanda í Tékklandi sem þýðir umsóknina frá íslensku yfir á tékknesku. Ef umsækjendur óska sjálfir eftir að finna löggiltan þýðanda er það einnig hægt. Þegar þýðandi hefur lokið við þýðingu sendir hún umsóknina á skrifstofuna í Brno sem yfirfer umsóknina.

Öll gögn, líka frá vinnuveitendum og lækni, þurfa að vera skrifuð á bréfsefni, undirrituð og stimpluð ef hægt er og mega ekki vera eldri en sex mánaða. Sakavottorð má ekki vera eldra en 3 mánaða. Barnaverndarskýrsla og sálfræðimat má ekki vera eldra en ársgamalt.

Erlend stjórnvöld geta óskað eftir ítarlegri upplýsingum eða nýjum vottorðum. Ef svo er þá setur ÍÆ sig í samband við umsækjendur og lætur vita.

